

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Fjarðabyggð.

Deiliskipulag Holtahverfis.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 3. desember 2020 óverulega breytingu deiliskipulags Holtahverfis.

Breytingin felst í að parhúsalóðir við Stekkholt 12 og 14 sameinast í eina, parhúsalóðir við Stekkholt 16 og 18 sameinast í eina og parhúsalóðir við Stekkholt 20 og 22 sameinast í eina. Lóð við Stekkholt 15 stækkar til austurs um tvo metra og lóð Stekkholts 17 færast sem því nemur. Einbýlishúsalóðir við Stekkholt 8 og 10 verða parhúsalóð. Lóðin við Stekkholt 19 er felld út.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið afgreiðslu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 4. febrúar 2021.

Jón Björn Hákonarson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. febrúar 2021